

Ed.

554. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Heimilt skal stjórnarráðinu að gefa allsherjar viðurkenningu skóla, sem stofnsettur er af einstökum mönnum og fylgir sérstakri reglugjörð, staðfestri af yfirstjórn fræðslumála.

2. gr.

Slíkir skólar liggja undir aðalumsjá stjórnarráðsins, og skulu skóla- eða fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuháttum skóla þessara, og sjá um, að fræðslureglum þeirra verði framfylgt.

3. gr.

Börn á skólaaldri, er slíka skóla sækja, þurfa ekki að sækja um leyfi til þess hjá skólanefnd eða fræðslunefnd. En skólastjóri slíks skóla skal við byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd eða fræðslunefnd í té skýrslu um það, hvaða börn munu sækja skólann á því skólaári. Eigi eiga slíkir skólar heimting á styrk af almannafé.

4. gr.

Frestur sá, sem veittur er í 15. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907, lengist um 2 ár, til 1. jan. 1912.

5. gr.

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbyggt til afnota, samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907, skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, annast um bygginguna eftir uppdrætti og lýsingu, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samþykkt, og afhenda síðan skólanefnd húsið. Nú þykir skólanefnd eitthvað áfátt við bygginguna og getur hún þá krafist þess, að úr því sé bætt áður en hún tekur við húsinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.